

LÖG

**um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995,
og lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
nr. 4/1995, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. fylgir fasteignaskatti vegna áranna 2008–2010 lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á og skal hann, ásamt dráttarvöxtum í fjögur ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla.

II. KAFLI

**Breytingar á lögum um gatnagerðargjald,
nr. 153/2006, með síðari breytingum.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „30 daga“ í 1. og 2. málsl. kemur: 90 daga.
- b. 3. málsl. fellur brott.

3. gr.

Í stað dagsetningarárinnar „31. desember 2009“ í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 31. desember 2012.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, er orðast svo:

Endurgreiðsla gatnagerðargjalda vegna lóða sem úthlutað var eða byggingarleyfi var veitt á fyrir gildistöku laga þessara skal verðbætt miðað við vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags.

Nr. 6

4. mars 2009

**III. KAFLI
Gildistaka.
5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. mars 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Kristján L. Möller.

A-deild – Útgáfud.: 4. mars 2009